Reykjavík, 16.11.2026

Efni: Umsögn Listaháskóla Íslands um mál S-225/2026 - Drög að reglugerð um framfærslu vegna umsókna um dvalarleyfi og íslenskan ríkisborgararétt

Inngangur

Listaháskóli Íslands leggur ríka áherslu á öflugt alþjóðlegt náms- og rannsóknarumhverfi. Þátttaka nemenda, kennara og rannsakenda víðs vegar að úr heiminum er mikilvæg fyrir gæði náms og kennslu, þróun listrannsókna og aðgang að sérþekkingu á fræðasviðum háskólans. Skilyrði fyrir komu og dvöl fólks frá ríkjum utan EES hafa því bein áhrif á forsendur háskólans til að byggja upp og viðhalda slíku umhverfi.

Listaháskóli Íslands telur að endurskoða þurfi fyrirhuguð framfærsluviðmið með hliðsjón af áhrifum þeirra á alþjóðlegt háskólasamfélag, listir og skapandi greinar. Tryggja þarf framfærslu þeirra sem koma hingað til náms og starfa án þess að skapa óþarfar hindranir fyrir þátttöku þeirra í íslensku háskóla- og menningarlífi.

Alþjóðlegt háskóla- og listasamfélag

Alþjóðlegt samstarf er ein af forsendum gæða og framþróunar í listnámi, listrannsóknum og skapandi greinum. Flæði fólks, þekkingar og hugmynda yfir landamæri styður við frjálsa hugsun, fjölbreytni og nýsköpun. Aðgengi að nemendum, kennurum, listafólki og rannsakendum víðs vegar að úr heiminum hefur sérstakt vægi í fámennu samfélagi og styrkir jafnframt námstækifæri íslenskra nemenda.

Ávinningurinn nær út fyrir háskólana. Náið samband listnáms, listrannsókna og fagvettvangs gerir alþjóðleg tengsl að mikilvægum þætti í þróun íslensks menningarlífs og skapandi greina. Við mat á reglugerðardrögunum þarf því að horfa til langtímahagsmuna menntunar, menningar og atvinnulífs.

Raunhæf framfærsluviðmið

Framfærsluviðmið þurfa að taka mið af raunverulegum launakjörum, fjármögnun náms og fjölskylduaðstæðum. Við mat á áhrifum þeirra þarf sérstaklega að skoða möguleika nemenda og starfsfólks utan EES til að koma hingað með fjölskyldum sínum. Ekki er sjálfgefið að maki hafi tryggt sér starf fyrir flutning og viðmið vegna maka og barna geta því ráðið úrslitum um hvort nám eða starf hér á landi sé raunhæfur kostur.

Fjármögnun náms og verkefna á sviði lista getur verið samsett úr styrkjum, launum og verkefnagreiðslum. Framfærslumat þarf að taka mið af slíku fyrirkomulagi og lengd dvalar. Skýrt þarf að vera hvernig staðfest fjármögnun er metin, hvort launatekjur miðist við fjárhæðir fyrir eða eftir frádrátt og hvaða gögn þurfi að leggja fram. Nemendur eiga ekki að þurfa að reiða sig á atvinnuþátttöku umfram það sem dvalarheimildir og eðlileg námsframvinda leyfa.

Fyrirsjáanleiki við áframhaldandi nám og störf

Veruleg hækkun framfærsluviðmiða getur raskað forsendum þeirra sem þegar hafa skipulagt nám, störf og búsetu hér á landi. Aðlögun sem nær aðeins til endurnýjunarumsókna sem berast fyrir gildistöku reglugerðarinnar tryggir ekki fyrirsjáanleika út námstímann. Nemendur sem þegar hafa hafið nám þurfa að geta lokið sömu námsleið samkvæmt þeim framfærsluskilyrðum sem giltu við upphaf náms, einnig við síðari endurnýjun dvalarleyfis. Jafnframt þarf að tryggja viðeigandi aðlögun fyrir starfsfólk og rannsakendur í tímabundnum störfum.

Niðurstaða og tillögur

Listaháskóli Íslands leggur til að áður en reglugerðin verður sett:

- Unnið verði áhrifamat í samráði við háskóla og fulltrúa lista og skapandi greina.
- Framfærsluviðmiðin verði endurskoðuð með hliðsjón af launakjörum, fjármögnun náms og rannsókna og fjölskylduaðstæðum.
- Skýrt verði hvernig styrkir, laun og verkefnagreiðslur eru metin, hvaða gögn þurfi að leggja fram og fyrir hvaða tímabil sýna þurfi fram á framfærslu.
- Tryggður verði fyrirsjáanleiki fyrir þau sem þegar hafa hafið nám eða störf, með skýrum aðlögunarákvæðum.
- Tryggður verði hæfilegur aðlögunartími og aðgengilegar leiðbeiningar á íslensku og ensku.

Markmið um trygga framfærslu og öflugt alþjóðlegt háskóla- og listasamfélag þurfa að fara saman. Regluverkið þarf að styðja við langtímauppbyggingu menntunar, lista og skapandi greina á Íslandi.

Fyrir hönd Listaháskóla Íslands

Kristín Eysteinsdóttir, rektor.

// 16.11.2026